



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
b.t. Björns Inga Edvardssonar
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. júlí 2021
Tilvísun: 2021060143/10.3

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhóla

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhóla. HER hefur farið yfir gögn málsins og gefur eftirfarandi umsögn.

Almennt:

HER vill byrja á að taka fram að laga þarf umfjöllun um vatnsverndarsvæðið í tillögunni. Skv. samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015 þá liggur skipulagssvæðið á öryggissvæði fyrir yfirborðsvatn, öryggissvæði fyrir grunnvatn og á grannsvæði vatnsverndar og því mikilvægt að sú stefna sem tekin er með þróun og notkun svæðisins sé alltaf miðuð við að tryggja vatnsvernd. Vísað er í eldri svæðaskiptingar vatnsverndarsvæðisins þó birtur sé nýi uppdrátturinn frá 2015 í greinargerð og á deiliskipulagsuppdrætti er einnig röng svæðaskipting teiknuð inn. Fjalla þarf skýrar um þær kröfur sem gerðar eru til framkvæmda og uppbyggingar á svæðinu í samræmi við ákvæði samþykktarinnar og meta hvaða áhrif skipulagið getur haft á framkvæmd vatnsverndar. Skýrari vísun þarf að vera til þess að sjónarmið vatnsverndar takmarka það sem heimilt er að gera á svæðinu. Athuga þarf að kröfur eru mismunandi eftir því hvaða gerð svæðis er um að ræða og fjalla ætti sérstaklega um hvert svæði innan deiliskipulagsins miðað við það. Vatnsvernd ætti að vera leiðandi stef í skipulagsgerðinni og öll stefnumörkun varðandi notkun svæðisins að taka mið af því. Koma þarf fram að samráð þurfi við HER um athafnir á skipulagssvæðinu og sækja um leyfi fyrir slíku skv. vatnsverndarsamþykkt.

Hvað varðar fyrirhugað bílaplan vill HER benda á að huga þarf sérstaklega að því að takmarkanir eru á efnisnotkun við uppbyggingu slíks plans vegna vatnsverndar. HER hefur talað fyrir því að hafa safnstæði fyrir bifreiðar utan vatnsverndarsvæðisins og láta fólk fara inn á svæðið með umhverfisvænum ferðamáta s.s. gangandi, á skíðum eða hjólum og því mætti athuga hvort koma mætti fyrir plani annars staðar, í jaðri svæðisins.

HER vill einnig benda á að æskilegast væri að horfa heildstætt á Heiðmerkursvæðið í stað þess að taka út hluta svæðisins eins og hér er gert. Taka þyrfti aftur upp vinnu við heildarskipulag svæðisins. Nauðsynlegt er að marka stefnu varðandi framtíðarnotkun svæðisins, fyrirkomulag útivistar og ekki síst vegamál. Ein helsta ógnin við vatnsvernd er hættan á mengun vegna umferðaróhappa en fjöldi óhappa hefur orðið þegar fólk fer inn á svæðið á vetrartíma í mikilli hálfu. Það er mjög mikilvægt að ljúka þessari vinnu svo unnt sé að tryggja öryggi neysluvatns íbúa á höfuðborgarsvæðinu.



Athugasemdir við einstaka atriði:

- Lagfæra þarf deiliskipulagsupprátt í samræmi við svæðaskiptingu vatnsverndarsvæðisins á uppdrætti frá 2015.
- Í kafla 2.3.6. í greinargerð segir að Rauðhólar séu á skilgreindu öryggissvæði B skv. vatnsverndarsamþykkt. Öryggissvæði B er ekki flokkur sem til er í vatnsverndarsamþykkt en eins og segir í greinargerðinni skiptast öryggissvæði í öryggissvæði fyrir yfirborðsvatn og öryggissvæði fyrir grunnvatn. Það vantar að taka fram að hluti skipulagssvæðisins er einnig inni á grannsvæði vatnsverndar skv. samþykktinni.
- Í kafla 3.2 í greinargerð er tilgreint að ef aðkallandi umferð sé að ræða um stígakerfi vegna sérstakra aðstæðna, viðhalds eða atburða, sé hægt að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar (UST) og Reykjavíkurborgar. Þar er einnig vísað í kafla 3.2.7. þar sem aðrar athafnir, umferð eða viðburðir en áður er nefnt skuli era í samræmi við stjórnunar og verndaráætlun Rauðhólasvæðisins og samstarf og samráð þurfi við UST og Reykjavíkurborg um hvort leyfi þurfi. HER bendir á framkvæmdir, viðhald, umferð og viðburðir eru háðir leyfi HER auk þess sem slíkt þarf einnig í sumum tilvikum að leggja fyrir framkvæmdastjórn um vatnsvernd. Mikilvægt er að taka það fram að leyfi HER sé krafist og að fyrirhugaðar framkvæmdir og annað séu háð því að vatnsverndarsamþykkt heimili slíkt á því svæði.
- Í kafla 3.2.8. í greinargerð segir að Rauðhólar séu að stærstum hluta innan öryggissvæðis B skv. vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, HER ítrekar fyrri athugasemd varðandi þetta atriði. Í sama kafla er talað um upplýsingaskilti á áningarstöðum varðandi lokanir, umferðarhraða og almennar upplýsingar um vatnsvernd og vísað til þess að mikilvægt sé að horfa til hönnunarleiðbeininga UST varðandi skilti. HER bendir á að samráð þurfi við Veitur ohf. og HER varðandi gerð slíkra skilta. Þá er einnig tilgreint að þar sem vegir liggja um brunnsvæði verði settar olúgildrur og jarðvegisdúkar. HER bendir á að enginn hluti skipulagssvæðisins er inni á brunnsvæði.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi